

**12. fundur Samráðshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6, haldinn í  
fundarherbergi 1. hæð, Stillholti 16-18,  
13. október 2015 og hófst hann kl. 09:00**

**Fundinn sátu:**

Jón Hrói Finnsson formaður, Hildur Bjarnadóttir skipulags- og byggingarfulltrúi, Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimajónustu, Jóhannes Ingibjartsson aðalmaður og Ólafur Guðmundsson aðalmaður.

**Fundargerð ritaði:** Laufey Jónsdóttir, verkefnisstjóri.

Lögð fram bókun stjórnar FEBAN dags. 10.03. 2014 varðandi stærð húsnæðis og lóðar sbr. óskir á fundi 15. september 2015

**Fyrir tekið:**

**1. 1410165 - Dalbraut 6 - Erindi til bæjarráðs**

Kynnt erindið sem sent verður til bæjarráðs

Rætt um svar bæjarráðs við erindi samráðshópsins um stækken á húsnæðinu.  
Ákveðið að ljúka við greinargerðina og þarfagreininguna til að geta lagt fram  
ýtarlegri forsendur fyrir erindinu.

Ákveðið að óska eftir fjárveitingu fyrir frumhönnun svo hún liggi fyrir þegar  
þarfagreiningu er lokið.

**2. 1410165 - Dalbraut 6 - rekstrarfyrirkomulag**

Umræða um rekstrarfyrirkomulag húsnæðisins

Rætt var um möguleika varðandi rekstrarfyrirkomulag og næstu skref í greiningu  
þeirra. Frekari umræða tekin á næsta fundi.

**3. 1410165 - Dalbraut 6 - þarfagreining**

Áfram unnið að þarfagreiningu húsnæðisins

Greinargerð þarf að fylgja með þarfagreiningu með nánari skýringu á notkun  
hvers rýmis og þeim forsendum sem liggja að baki.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.**

*Jóhannes Ingibjartsson  
Ólafur Guðmundsson  
Jón Hrói  
Hildur Bjarnadóttir  
Laufey Jónsdóttir*